



ÁRSSKÝRSLA 2022





© Útgefandi:

SÍMEY – www.simey.is
Þórsstíg 4, 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:
Valgeir Magnússon

Umsjón:
Óskar Þór Halldórsson

Hönnun og umbrot:
Heiðar Brynjarsson

Myndir: Kristín Björk Gunnarsdóttir,
Óskar Þór Halldórsson, o.fl.

Kápu myndin var tekin í Eyjafjarðarsveit,
í Saurbæjarhreppi hinum forna. Fyrir miðri
mynd er Hólafjall og Tungnafjall til vinstri.



Ávarp stjórnarformanns

Gildi símenntunar hefur á undanförunum áratugum sannast og hún hefur styrkt atvinnulíf, samkeppnishæfni stofnana og fyrirtækja. En einkum og sér í lagi er þessi starfsemi til þess fallin að efla einstaklingana, fólkið sem nýtir sér möguleika til aukinnar fræðslu. Þetta hefur starfsemi SÍMEY sýnt og sannað í gegnum árin og ekki hvað síst kom mikilvægi starfseminnar og hæfni starfsfólks SÍMEY vel í ljós meðan heimsfaraldurinn gekk yfir. Tæknin hefur verið nýtt til að þróa framsetningu og miðlun náms, til dæmis með námsumhverfinu Learn Cove og ekki síður með veflæga skólanum SKÝMEY þar sem áhersla er á tímalaus vefnámskeið. Á þann hátt geta nemendur kynnt sér það sem í boði er þegar þeim hentar best.

Áfram þarf að brýna stjórnvöld að ljúka endurskoðun laga um framhaldsfræðslu, svo sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Þar er sett fram markmið um að fræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við þróun samfélagsins, m.a. í tengslum við loftslagsbreytingar og tæknivæðingu. Aðilar vinnumarkaðarins standa í reynd frammi fyrir sömu áskorunum því sá vinnumarkaður sem er í dag verður breyttur á morgun. Við þurfum að vera í stöðugu samtali við atvinnulífið um hvernig störf breytast í framtíðinni og hvers konar menntunar og hæfni verður þörf á komandi árum. Við vitum

að störf hafa verið að breytast og ný störf verða til, mörg þeirra krefjast ákveðinnar hæfni og menntunar. Símenntunarmiðstöðvar þurfa að upplýsa og fræða vegna innleiðingar á grænu hagkerfi, nýtingar afurða á heimaslóð, orkuskipta og mælikvarða kolefnisspors. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur það hlutverk að innleiða og halda utan um vinnu símenntunarmiðstöðva um hæfnigreiningu starfa í atvinnulífinu. Þar hafa starfsmenn SÍMEY staðið vaktina fremstir meðal jafningja.

Ein af stórum breytingum í þjóðfélaginu á undanförunum árum er fjölgun erlendra ríkisborgara. Lykilatriði í því að þetta fólk nái farsæld í nýju landi og nýju umhverfi er að ná tökum á tungumálinu og fræðast um íslenskt samfélag. SÍMEY hefur staðið mjög vel að þjónustu við þennan hóp í samfélaginu með námskeiðum og fræðslu, sem sýnir enn og aftur hversu fjölbreytt starfsemin er og í hvaða myndum öflug framhaldsfræðsla birtist í nærsamfélagi starfseminnar.

Saman standa stjórnvöld, vinnuarkaðurinn og almenningur frammi fyrir áskorunum á komandi árum og ég er ekki í vafa um að öflug framhaldsfræðsla er lóð á þessa vogarskál. Hún hefur sýnt sig að vera ein af mikilvægum stöðum íslensks menntakerfis og við hljótum að stefna að því að svo verði áfram.

Ég vil fyrir hönd stjórnarinnar þakka starfsfólki SÍMEY vel unnin verk sem og þeim stóra hópi sérfræðinga sem vinnur með SÍMEY við kennslu, þjálfun, raunfærnimat og þróunarvinnu margs konar. Jafnframt vil ég þakka stjórnarmönnum samstarfið á þeim tveggja ára starfstíma stjórnar SÍMEY sem nú er að ljúka.

Akureyri 22. mars 2023,

Arna Jakobína Björnsdóttir

1. Starfsemin á árinu

Inngangur

Árið 2022 var tuttugasta og þriðja starfsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) og er í ársskýrslunni gerð grein fyrir starfsemi hennar á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum.

Skýrslan er í fimm köflum. Hún hefst á kafla sem fjallar um starfsemina á árinu. Gerð er grein fyrir hverjir sitja í stjórn og hverjir starfa hjá miðstöðinni, húsnæði og fjárhag SÍMEY. Á eftir fylgir kafla um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er greint frá tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi. Í fjórða kaflanum er fjallað um fræðslustarf ársins í máli og myndum og skýrslan endar svo venju samkvæmt á samantekt.

Dagleg starfsemi

Miðstöðin er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu með það að markmiði að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig er markmið SÍMEY að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Starfsemin miðar að því að bjóða hentugar lausnir við allra hæfi á sviði sí- og endurmenntunar og framhaldsmenntunar og markhópurinn er bæði einstaklingar og fyrirtæki á Eyjafjarðarsvæðinu.

Daglegri starfsemi SÍMEY má í grófum dráttum skipta á eftirfarandi hátt:

Fræðslusvið Fyrirtækjasvið Ráðgjöf og raunfærnimat Þróunarsvið Stoðsvið

Eftirtalin verkefni eru innan þessara sviða:

- Dagleg umsjón með námsleiðum og námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi.
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY.
- Miðlun og umsjón með námi og námskeiðum annarra fræðsluaðila.
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða.
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila.
- Náms- og starfsráðgjöf fyrir viðskiptavinum, einstaklingum og fyrirtækjum/félögum/stofnanir.

- Þarfagreiningar innan fyrirtækja undir merkjum MARKVISS, Fræðslustjóri að láni, o.fl.
- Umsjón með fyrirtækjaskólum/eftirfylgni fræðsluáætlaða.
- Raunfærnimat (gagnvart námi og viðmiðum atvinnulífs).
- Hæfnigreiningar starfa.
- Umsjón með námskeiðahaldi Fjölmenntar.
- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook.
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY.
- Þróunarvinna/verkefni á borð við námskrágerð og þróun verkfæra sem notuð eru í starfinu.
- Rekstur prófamiðstöðvar.
- Ýmis sérverkefni.

Skipurit og stjórn SÍMEY

Í stjórn SÍMEY eiga sjö fulltrúar sæti. Þeir eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Stjórnarmenn SÍMEY sem kosnir voru til tveggja ára á ársfundi 28. apríl 2021 eru:

Aðalstjórn

Stjórnarformaður:

Arna Jakobína Björnsdóttir

Stjórnarmenn:

Eyjólfur Guðmundsson

Ingimar Eydal

Halldór Óli Kjartansson

Sverrir Gestsson

Axel Grettisson

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fyrir hönd

Opinberra stéttarfélagi

Fræðslustofnana

Opinberra stofnana

Almennra stéttarfélagi

Almennra fyrirtækja

Sveitarfélagi við Eyjafjörð

Akureyrarbæjar

Varastjórn

Hjördís Sigursteinsdóttir

Erla Björnsdóttir

Anna Júlíusdóttir

Anna María Kristinsdóttir

María Albína Tryggvadóttir

Hlynur Már Erlingsson

Fyrir hönd

Opinberra stéttarfélagi


Opinberra stofnana

Almennra stéttarfélagi

Almennra fyrirtækja

Sveitarfélagi við Eyjafjörð

Akureyrarbæjar



Starfsemi SÍMEY skiptist í eftirfarandi svið:

Afgreiðsla og bókhald

Tekur á móti viðskiptavinum SÍMEY, sér um símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum, auk margþættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.

Hús- og tækniúmsjón

Hefur úmsjón með rekstri húsnæðis og tæknimálum miðstöðvarinnar.

Verkefnastjórnun/ráðgjöf

Verkefnastjórar/náms- og starfsráðgjafar miðstöðvarinnar, hafa úmsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og verkalýðsfélög. Ráðgjafar miðstöðvarinnar vinna að því að veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals. Einnig aðstoða ráðgjafar einstaklinga við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun. Ráðgjafar miðstöðvarinnar veita m.a. upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna námsleiðir og starfsvettvang við hæfi.

Námsverið á Dalvík

Er útstöð frá SÍMEY, rekin í samstarfi miðstöðvarinnar og Dalvíkurbyggðar. Þar starfar verkefnastjóri/náms- og starfsráðgjafi við uppbyggingu námsversins, ráðgjöf og þjálfun, kynningu á náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum, skipulagningu og úmsjón með námskeiðahaldi við utanverðan Eyjafjörð. Unnið er með fyrirtækjum að aukinni menntun og fagþekkingu starfsmanna auk þess sem starfsmaðurinn í námsverinu á Dalvík kemur að ýmiss konar teymis- og verkefnavinnu með öðrum starfsmönnum SÍMEY.

Starfsmenn SÍMEY

Á árinu 2022 voru 10 starfsmenn í um

8 starfsgildum hjá SÍMEY.

Þeir voru:

Helgi Kristinsson,
húsumsjónarmaður

Helgi Þorbjörn Svavarsson,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Ingunn Helga Bjarnadóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Kristín Björk Gunnarsdóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Kristjana Friðriksdóttir,
þjónustufulltrúi

Sandra Sif Ragnarsdóttir,
náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri

Sif Jóhannesar Ástudóttir,
verkefnastjóri og ráðgjafi

Sigrún Björnsdóttir,
viðurkenndur bókarí

Sóley Guðmundsdóttir,
þjónustufulltrúi

Valgeir Magnússon,
framkvæmdastjóri



Starfsfólk SÍMEY í jólagírnum í desember 2022. Í aftari röð frá vinstri: Sif Jóhannesar Ástudóttir, Kristjana Friðriksdóttir og Ingunn Helga Björnsdóttir. Í fremri röð frá vinstri: Kristín Björk Gunnarsdóttir, Sigrún Björnsdóttir, Helgi Þorbjörn Svavarsson, Sandra Sif Ragnarsdóttir, Sóley Guðmundsdóttir og Valgeir Magnússon. Á myndina vantar Helga Kristinsson.

Til viðbótar við fasta starfsmenn SÍMEY komu um 140 verktakar að starfseminni á árinu 2022 sem leiðbeinendur/kennarar, yfirsetufólk, liðveitendur og sérfræðingar. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur og kemur bæði úr atvinnulífinu og skólakerfinu á svæðinu.

SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði straumlínustjórnunar (LEAN Management) og taka fundir og skipulagning mið af þeirri aðferðafræði.

Í starfi SÍMEY er mikið lagt upp úr þekkingaröflun starfsmanna og er hvatt til þess að starfsmenn sækji sér fræðslu og þjálfun sem nýtist í starfi og persónulega. Fræðslustyrkir eru í boði á vegum SÍMEY og einnig í gegnum starfsmenntasjóði starfsmanna. Hvatning er til starfsmanna að nýta sér m.a. vefnámskeið SÍMEY. Einnig hafa starfsmenn SÍMEY verið duglegir við að afla sér þekkingar á ýmsum öðrum sviðum og hvetur vinnustaðurinn til þess.



Húsnæði SÍMEY við Þórsstíg 4 á Akureyri.

Húsnæði og vinnuaðstaða

Á Akureyri fer starfsemi SÍMEY eftir sem áður fram að Þórsstíg 4 þar sem eru átta skrifstofur, níu kennslustofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur njóta samveru í matar- og kaffitímum og geta einnig unnið saman að verkefnum. Einnig er námskeiðahald SÍMEY mikið úti í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana. Þá er SÍMEY í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri um leigu á aðstöðu er snýr að verklegum smiðjum, m.a. í málmsuðu og Fab Lab.

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð og heldur úti starfsemi í námsverinu á Dalvík. Frá hausti 2017 hefur það verið til húsa í Víkurröst þar sem er kennslustofa og skrifstofa verkefnastjóra. Einnig hefur SÍMEY afnot af húsnæði Tónlistarskólans á Tröllaskaga og á móti nýtir skólinn húsnæði námsversins. Í Fjallabyggð er SÍMEY í samstarfi um húsnæði við stéttarfélagið Einingu-löðu á Siglufirði og Menntaskólann á Tröllaskaga í Ólafsfirði.



Námsver SÍMEY á Dalvík er í Víkurröst.

Fjárhagur

Rekstrartekjur SÍMEY á árinu 2022 voru 224,8 milljónir króna. Þar af voru tekjur vegna rekstrarsamninga 37,7 milljónir, tekjur af námskeiðum námu 147,8 milljónum, verkefnatekjur voru 31,1 milljón og aðrar tekjur 8,3 milljónir króna. Rekstrargjöld voru 227 milljónir króna, fjármagnstekjur 2,2 milljónir og var rekstrarniðurstaða jákvæð um 43 þúsund krónur.

Kóvidfaraldurinn

Það þarf ekki að hafa um það mörg orð að kóvidfaraldurinn, sem nam land á Íslandi snemma árs 2020, eins og út um allan heim, hefur allar götur síðan haft mikil áhrif á starfsemi SÍMEY. Áhrif faraldursins voru hvað mest á árunum 2020 og 2021 en hann sleppti þó ekki föstum tókum sínum á samfélaginu fyrr en vel var liðið á árið 2022.

Á vorönn 2022 hafði kóvidfaraldurinn mikil áhrif á samfélagið og var SÍMEY þar engin undantekning. Þetta átti bæði við um fólk almennt og atvinnufyrirtæki. Fólk hélt að sér höndum enda mikið um smit í samfélaginu. Þegar kom fram á árið 2022 tók nýtt ómikron afbrigði kórónuveirunnar völdin sem reyndist vera enn meira smitandi en fyrri afbrigði. Smitum fjölgaði því mjög á fyrstu vikum ársins. Sóttvarnaryfirvöld tóku síðan ákvörðun um afléttingu allra takmarkana þann 25. febrúar 2022. Þá þegar voru skráð fleiri hundruð ný smit á degi hverjum. Allt hafði þetta mikil og lamandi áhrif á samfélagið allt og kom verulega niður á starfsemi SÍMEY á vorönn. Það má því segja að fyrst á haustönn 2022 hafi starfsemin komist í nokkuð eðlilegan farveg eftir meira en tveggja ára miskunnarlausan hernað kórónuveirunnar.

Mat á starfi og gæðamál

Kveðið er á um lögbundið innra og ytra eftirlit með gæðum skólustarfs í framhaldsfræðslu samkvæmt 14. gr. laga um framhaldsfræðslu. Tilgangur þess er að veita hagsmunaaðilum upplýsingar, tryggja árangur og gæði fræðslustarfsins og stuðla að umbótum. Innra mat er skipulagt í starfi SÍMEY og er leitast við að virkja starfsfólk, verktaka og nemendur í matsferlinu. Innra mat tekur til fjölbreyttra matsaðferða, námskeiðsmats, sjálfsmats kennara/leiðbeinenda. Horft er til endurskoðunar á starfi, kennsluáðferðum, verkferlum sem og virkri endurgjöf til kennara, starfsmanna og

þátttakenda. SÍMEY er með frávikaskráningu og umbótaáætlun auk lögbundinnar persónuverndarstefnu.

SÍMEY hefur gæðavottun sem ber nafnið EQM+ (European Quality Mark) og tekur til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Vottunin er til þriggja ára og gildir til ársloka 2024.

SÍMEY fékk upphaflega árið 2012 EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er víðtækari og tekur, sem fyrr segir, einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Matsaðili í þessu ferli var fyrirtækið StarfsGæði ehf. sem fyrir hönd Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins tekur út allar símenntunarmiðstöðvar landsins vegna endurnýjunar gæðavottunar. Vottunaraðili EQM hér á landi er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en hún hefur unnið að þróun gæðaviðmiða í fræðslustarfi fyrir fullorðna á liðnum árum.



Staðfesting á EQM+ vottun Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar til næstu þriggja ára.

EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið.

Með gæðavottun EQM+ er staðfest að SÍMEY stenst evrópskar kröfur um gæði í fræðslustarfi, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf.

EQM+ er hannað til að mæta síauknum kröfum um gagnsemi náms og sameiginleg gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. EQM tekur mið af:

- Gæðum þjónustunnar sem fræðsluaðili veitir.
- Innri gæðastjórnun og verklagsreglum fræðsluaðila.
- Hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.

Gæðahandbók

Verkferlar, vinnulýsingar, gátlistar og eyðublöð eru skjalfest í gæðahandbók SÍMEY, sem vistuð er á innra kerfi miðstöðvarinnar (0365).

2. Samstarfssamningar og verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og hefur það samstarf verið mikið á síðustu árum. FA er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Félags- og vinnu- markaðsráðuneytið veitir fé til reksturs FA og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fé til viðurkenndra fræðsluaðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Hlutverk FA er að vera samstarfs- vettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sam- bands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi úr framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjónustu- samningi sem gerður hefur verið við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Hlutverk SÍMEY í samstarfi við FA og með árlegri úthlutun er að bjóða upp á vott- aðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Meginmarkmiðið með þessum verkefnum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi úr framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. SÍMEY hefur einnig unnið að þróunarverkefnum með styrkjum úr Fræðslusjóði sem hafa þann tilgang að þróa verkfæri framhaldsfræðslunnar.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar í SÍMEY taka þátt í hugmyndavinnu og þróunarverkefnum og skipuleggja námsleiðir og raunfærnimat. Ráðgjöfin snýr að því að aðstoða fólk í atvinnuleit, útbúa ferilskrár og kynningarbréf og leggja fólki lið í undirbúningi fyrir atvinnuviðtöl og náms- og starfsval. Einnig hefur SÍMEY boðið hópum og einstak- lingum að svara áhugasviðskönnunum og túlka niðurstöður. Þá hefur verið farið inn í námshópa með námstækni. Þessi upptalning er ekki tæmandi, en þetta eru þeir verkþættir sem eru meira og minna þeir sömu á milli ára, þó að vægi þeirra sé mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni. Til þess að átta sig á umfangi ráðgjafarinnar voru á árinu 2022 tekin 500 viðtöl sem styrkt eru af Fræðslusjóði. Jafnframt voru tekin 68 viðtöl í tengslum við verkefnið Nám er tækifæri í samstarfi við Vinnuálastofnun.

Raunfærnimat

Raunfærnimat hefur það að markmiði að fólk með mikla starfsreynslu geti fengið hæfni sína og þekkingu metna á mótí námskrám í ákveðnum starfsgreinum. Þeir sem fara í raunfærnimat, í hvaða starfsgrein sem er, skulu að lágmarki vera 23 ára að aldri og hafa að baki að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu í starfsgreininni.

Raunfærnimat er ferli þar sem metin er þekking og færni fólks í starfi, námi og félagsstörfum. Markmiðið er að geta sýnt fram á reynslu og hæfni viðkomandi í starfi með formlegum hætti, fá styttingu í námi í framhaldinu, mat á mótí viðmiðum atvinnulífsins og að leggja í framhaldinu mat á hvernig hver einstaklingur getur styrkt sig í starfi/námi.

Á árinu 2022 var boðið upp á raunfærnimat fyrir félagsliða, stuðningsfulltrúa, fisktækna, matartækna, starfsfólk íþróttamannvirkja, í almennri starfshæfni og ýmsum iðngreinum m.a. húsasmíði, vélstjórn, framreiðslu og skipstjórn.

Alls tóku 56 einstaklingar þátt í raunfærnimatinu með glæsilegum árangri. Þar sem einingar voru metnar fengu þátttakendur að meðaltali 34 framhaldsskólaeiningar metnar. Heildarfjöldi staðinna eininga var um 1.900.

Raunfærnimatið var unnið í góðu samstarfi við m.a. Fisktækniskóla Íslands, IÐUNA fræðslusetur, Verkmenntaskólann á Akureyri, Akureyrarbæ, Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Kjöl - stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu og Einingu-löju.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir

SÍMEY leggur áherslu á að vera í góðu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í Eyjafirði. Veflæg fræðsla hefur fest sig í sessi og býður upp á bæði þægindi og sveigjanleika sem hentar oft og tíðum vel. Staðbundin fræðsla jókst á ný á árinu eftir heimsfaraldurinn og unnið hefur verið að verkefnum með tveimur samstarfsaðilum um rafræna fyrirtækjaskóla með eftirtektarverðum árangri.

SÍMEY hélt áfram góðu samstarfi og vann að skipulagningu fræðslu fyrir grunnskóla og

velferðarsvið Akureyrarbæjar, Sæplast, VMA, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og ýmsa fleiri aðila á svæðinu.

Alls voru haldin 54 námskeið á árinu undir merkjum fyrirtækjaskóla eða í beinu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Þátttakendur á þeim námskeiðum voru alls 1096.

Námskeið í samstarfi við stéttarfélag og Farskólann á Norðurlandi vestra

SÍMEY og Farskólinn á Norðurlandi vestra hafa þróað með sér gott samstarf um námskeiðsframboð. Það hófst í heimsfaraldurinum og var þá einblínt á að bjóða upp á fjölbreytt námskeið sem hægt væri að taka veflægt. Haustið 2022 var loksins hægt að bjóða upp á staðbundin námskeið og var þá í samstarfi við Fab Lab smiðjuna í VMA boðið upp á námskeið í bæði laser- og vínlskurði og einnig var námskeið í súrdeigsbrauðgerð á Böggvisstöðum við Dalvík.

Á árinu 2022 var alls haldið 21 námskeið, þar af voru 17 í gegnum vefforritið Zoom. Efnistökin voru fjölbreytt en námskeiðin fjölluðu um allt frá „Heilaheilsu“ yfir í „Skýjageymslu“.

Velgengni þessara námskeiða má að stórum hluta þakka afar góðu samstarfi við stéttarfélagin Einingu-löju, Kjöl og Sameyki og þá starfsmenntasjóði sem standa þeim að baki. Samstarfið gerði það að verkum að félagsmenn stéttarfélaganna sóttu námskeiðin sér að kostnaðarlausu. Ljóst er að samstarf SÍMEY við Farskólann og stéttarfélagin er komið til að vera og er það vel.

Þessu til viðbótar kom SÍMEY að ýmsum góðum samstarfsverkefnum með stéttarfélagum á Eyjafjarðarsvæðinu á árinu 2022. Í nóvember var haldið fjölmennt starfslokanámskeið fyrir Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni. Á vormánuðum var unnin greining á fræðsluþörfum fyrir trúnaðarmenn í stéttarfélaginu Kili, send var út könnun og unnið með rýnihópi að verkefninu.

Síðast en ekki síst voru á vormánuðum haldin námskeið fyrir trúnaðarmenn í Einingu löju.

Íslenska sem annað mál

SÍMEY býður upp á námskeið í íslensku sem öðru máli á starfssvæði sínu og víðar.

Mikil eftirspurn og þátttaka var á íslenskunámskeiðum á árinu. Haldin voru 27 námskeið á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð á árinu, 11 á vorönn og 16 á haustönn, auk 13 fjarnámskeiða. Boðið var upp á námskeið á fimm ólíkum getustigum, A1-B2 miðað við evrópska hæfnirammann. Á árinu luku 360 nemendur námi í íslensku sem öðru máli, ýmist í gegnum hefðbundin íslenskunámskeið eða vottaðar námsleiðir. Í fyrsta skipti var boðið upp á íslenskukennslu og samfélagsfræðslu á rússnesku vegna nokkurs fjölda flóttamanna frá Úkraínu. Námskeiðið Íslensk menning og samfélag var kennt á pólsku á vorönninni og mæltist einkar vel fyrir. Það er vottuð námsleið þar sem einn þriðji hluti námskeiðsins er íslenskukennsla og tveir þriðju fjölbreytt samfélagsfræðsla. Námskeiðið er hluti af þeirri viðleitni SÍMEY að bjóða þeim sem ekki hafa náð tökum á íslenskunni upp á aðra valkosti en íslenskunám.

Það var mikið ánægjuefni að geta boðið upp á námskeið í íslensku fyrir mæður með börn. Þá gefst konum sem eru með ung börn tækifæri til að taka börnin með sér á námskeiðið og er það sniðið að þörfum hópsins. Zontaklúbburinn á Akureyri styrkti þetta námskeið.

Íslenskupjálfarinn flyst til SÍMEY

Auk hefðbundinna námskeiða í íslensku sem öðru máli hefur SÍMEY í nokkurn tíma boðið upp á „Íslenskupjálfarann“ - veflæg íslenskunámskeið í samstarfi við Ásgarð.

Á árinu 2022 hófst samtal Ásgarðs og SÍMEY um að SÍMEY tæki námskeiðið yfir, þ.e. eignaðist efnid og sæi alfarið um framkvæmdina. Það varð úr og SÍMEY keypti námskeiðið af Ásgarði. Ásgarður setti námsefnið allt upp í Learn Cove sem er það kennsluumsjónarkerfi sem SÍMEY notar í vaxandi mæli. Íslenskupjálfarinn fer að öllu leyti fram á fjarfundum. Aðaláherslan á námskeiðunum er á að auka orðaforða og tjáningu þátttakenda í íslensku. Námskeiðin eru 40 klst. og eru á getustigunum A1-B2 samkvæmt hæfnivíðmiðum evrópska tungumálarammans. Á árinu 2022 var boðið upp á 12 íslenskupjálfaranámskeið.



Nemendur á námskeiðinu Íslensk menning og samfélag í náttúruskoðun í Mývatnssveit. Á þessu námskeiði, sem var kennt á pólsku á vorönn, er þriðjungur íslenskukennsla og tveir þriðju hlutar námskeiðsins fjölbreytt samfélagsfræðsla.

Fjölmennt

Starfsemi Fjölmenntar komst aftur í fastar skorður á árinu eftir Covid-19 faraldurinn. Fjöldi þátttakenda er smám saman að nálgast það sem hann var fyrir faraldur og er stefnt að því að fjölga þeim verulega á árinu 2023.

Á vorönn var þátttaka á íþróttanámskeiðum undir því sem venjulega var, en ástæðuna má fyrst og fremst rekja til þess að í kjölfar samkomuskilyrða í langan tíma virðist sem það taki góðan tíma að komast aftur í fyrri rútinu.

Á vorönn 2022 voru fimm einstaklingar sem hægt er að skilgreina sem skjólstæðinga Fjölmenntar í námi í námsleiðum SÍMEY með öðrum þátttakendum sem ekki falla innan markhóps Fjölmenntar. Þetta voru námsleiðirnar

Grunnmennt 2 (200 klst.) og Help-Start enskunám (40 klst.) auk þess sem þrír einstaklingar fóru í raunfærnimat í almennri starfshæfni.

Haustið 2022 gekk mjög vel að öðru leyti en því að erfitt er að fá til starfa aðstoðarfólk á námskeiðin. Fjölmennt hélt, í samstarfi við Vinnuálastofnun, námskeið fyrir fólk í atvinnu með stuðningi. Það byggðist á Stökkpalli, sem er námsleið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námið fólst í því að efla samskipta- og samstarfsfærni þátttakenda. Einnig fengu þeir að kynna sér starfsemi nokkurra fyrirtækja og starfsmöguleika innan þeirra. Þátttakendur á námskeiðinu þreyttu samhliða náminu raunfærnimat í almennri starfshæfni.

Prófamiðstöð

SÍMEY sinnir prófþjónustu af ýmsum toga. Hún snýr að nemendum Háskólans á Bifröst, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Endurmenntunar HÍ, Háskólans í Reykjavík, Keilis og framhaldsskóla um allt land.

Í samstarfi við Mími-símenntun býður SÍMEY upp á próf fyrir fólk sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt og eru þau haldin tvisvar á ári, að vori og hausti. Einnig er í húsakynnum SÍMEY boðið upp á ýmis sérhæfð próf, m.a. flugpróf. Þessi sérhæfðu próf eru á vegum Umhverfisstofnunar, Samgöngustofu, Fiskistofu, Neytendastofu og fleiri stofnana.

SÍMEY hefur góða aðstöðu fyrir próf, próftökurými eru hentug og tölvuver vel tækjum búið. Í námsveri SÍMEY á Dalvík er einnig þjónusta við próftaka.

Á árinu 2022 þreyttu um 400 manns próf hjá SÍMEY.

Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

Starfsemin í námsveri SÍMEY á Dalvík var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Starfsmenn voru með viðveru í námsverinu. Þó hefur föst viðvera minnkað sem kemur einkum til af því að reynslan hefur sýnt að betra er að bregðast við þegar þörf er á þjónustu og tengja viðveru við þau verkefni sem eru í gangi.

Námsleiðinni Sterkari starfsmaður sem hófst haustið 2019 lauk vorið 2022. Það var ári á eftir áætlun, en vegna heimsfaraldursins þurfti að fresta námskeiðum á námsleiðinni. Hluti kennslunnar fór fram rafrænt en sumt var einfaldlega ekki hægt að kenna eða vinna öðruvísi en á staðnum. Alls útskrifuðust 26 starfsmenn leik- og grunnskóla Dalvíkurbyggðar úr náminu. Þar fyrir utan voru fjölmargir sem tóku þátt í einstökum námskeiðum innan námsleiðarinnar.

Á árinu voru haldin á Dalvík tvö námskeið í Íslensku sem öðru máli, eitt á vorönn og eitt á haustönn. Í Fjallabyggð, nánar tiltekið í húsnæði Einingar-löju á Siglufirði, voru haldin á árinu þrjú námskeið í íslensku sem öðru máli. Á vorönn var haldið byrjendanámskeið og á haustönn stig tvö og námskeið fyrir lengra komna.

Líkt og verið hefur var námsverið á Dalvík próftökustaður og þó nokkrir nýttu sér þann möguleika. Það eru ýmist nemendur í fjarnámi frá hinum ýmsu skólum, eða nemendur í staðnámi sem kjósa að taka próf í heimabyggð.



SÍMEY tekur þátt í Erasmus+ verkefni með stofnuninni Obrtnicko-uciliste í Zagreb í Króatíu. Fulltrúar þessarar króatísku stofnunar sóttu SÍMEY heim á árinu 2022 og kynntu sér starfsemina. Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sandra Sif Ragnarsdóttir, verkefnastjórar í SÍMEY, skelltu sér með þeim í heita pottinn á Hauganesi.

3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf

Nám er tækifæri

Ein af afleiðingum kórónuveirufaraldursins var aukið atvinnuleysi. Ekki síst fjölgaði mjög fólki á atvinnuleysissskrá sem hefur ekki íslensku að móðurmáli en hefur verið hér á vinnumarkaði um lengri eða skemmri tíma.

Eitt af úrræðum stjórnvalda fyrir fólk í atvinnuleit var tveggja ára námsátakið Nám er tækifæri, sem er á forræði Vinnumálastofnunar. Verkefnið hófst á árinu 2021 og stóð til vors árið 2022. Símenntunarmiðstöðvar um allt land hafa unnið að þessu verkefni í samstarfi við Vinnumálastofnun, þar á meðal SÍMEY. Þetta úrræði er ætlað atvinnuleitendum sem hafa verið samfellt sex mánuði eða lengur á atvinnuleysissskrá. Þátttakendum gefst kostur á að vera í fullu námi í eina önn á atvinnuleysisbótum.

Á árinu 2021 bauð SÍMEY fyrst og fremst upp á tvær vottaðar námsleiðir frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í þessu vinnumarkaðsátaki; Íslensk menning og samfélag og Tæknilæsi og tölvufærni. Alls voru fjórir námshópar í þessum verkefnum á árinu 2022.

Tæknilæsi og tölvufærni er nám fyrir einstaklinga sem eiga erfitt með að halda í við þær breytingar sem ör tækniþróun hefur á störf og daglegt líf. Markmið námsins er að auka tæknilæsi og tölvufærni þátttakenda og gera þá betur í stakk búna til að halda í við tækniframfarir í starfi og leik. Í náminu var megináhersla lögð á að efla sjálfstraust þátttakenda gagnvart tækni og tölvum. Markmiðið er að efla skilning á grunnþáttum tölvu og auka hæfni fólks í notkun þeirra og snjalltækja. Námið var í boði staðbundið, í fjarnámi og á ensku.

Námsleiðin Íslensk menning og samfélag er hugsuð fyrir fólk af erlendum uppruna til þess að auðvelda því að laga sig að íslensku samfélagi og vinnumarkaði. Lögð er áhersla á íslenskukennslu, að fræða þátttakendur um íslenska menningu, samfélagið og vinnumarkaðinn auk þess sem undirstrikað er mikilvægi þess að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni.

Til viðbótar við þá þrjá meginþætti í fræðsluframboði SÍMEY í tengslum við átakið Nám er tækifæri má nefna að miðstöðin hefur verið með samning við Vinnumálastofnun um að veita atvinnuleitendum náms- og starfsráðgjöf.

Á árinu voru um 70 viðtöl tekin við atvinnuleitendur í tengslum við þessi verkefni og með tilvísunum frá Vinnumálastofnun.

Raunfærnimat starfsmanna íþróttamiðstöðva

Á árinu 2021 luku nítján starfsmenn íþróttamannvirkja á Akureyri, í Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og Eyjafjarðarsveit raunfærnimati og á árinu 2022 bættust við sjö starfsmenn íþróttamannvirkja á Akureyri, Dalvík og í Hrísey. Samtals hafa því tuttugu og sex starfsmenn íþróttamannvirkja í fjórum sveitarfélögum lokið raunfærnimati á tveimur árum.

Árið 2011 vann Starfsmennt fræðslusetur í samstarfi við stéttarfélagið Kjöl og Akureyrarbæ námskrána Þrótt fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja, þar sem var fjallað um samskipti og sjálfstyrkingu starfsmanna, samskipti við skóla, starfsumhverfi, tölvunotkun, sjálfsvörn, hreinsitækni o.fl. Árið 2018 fékk SÍMEY styrk úr Fræðslusjóði til þess að hæfnigreina störf í íþróttahúsum og sundlaugum og var í kjölfarið myndaður starfshópur fulltrúa Akureyrarbæjar, íþróttamannvirkja á Eyjafjarðarsvæðinu og Kjalar stéttarfélags. SÍMEY vann síðan ásamt Starfsmennt að endurskoðun námskrárinnar Þróttar frá 2011 og til urðu nýjar námskrár, annars vegar fyrir starfsfólk íþróttahúsa og hins vegar sundlaugarverði.

Menntamálastofnun staðfesti námskrárnar í apríl 2021 og þær hafa síðan verið aðgengilegar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í raunfærnimatinu fengu starfsmenn íþróttamiðstöðva á Eyjafjarðarsvæðinu metna hæfni sína og þekkingu í starfi á móti þessum tveimur námskrám.



Á árinu 2022 luku sjö starfsmenn íþróttamiðstöðva á Akureyri, Dalvík og í Hrísey raunfærnimati. Á þessari mynd, sem tekin var við formlega brautskráningu 5. september, eru sex af sjö starfsmönnum og með þeim eru Gísli Rúnar Gylfason, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Dalvíkurbyggðar, Erna Lind Rögnvaldsdóttir, forstöðumaður íþróttamiðstöðvar Eyjafjarðarsveitar og verkefnastjórar SÍMEY, Ingunn Helga Bjarnadóttir og Sandra Sif Ragnarsdóttir.

Haustfundur á Akureyri

Sameiginlegur haustfundur Kvasis – samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var haldinn á Akureyri dagana 27.-28. september 2022.

Tæplega sjötíu manns sóttu fundinn og auk þess fylgdust um þrjátíu manns með honum í beinu streymi. SÍMEY annaðist skipulagningu fundarins.

Dagskráin var fjölbreytt og viðamikil. Haldnir voru fyrirlestrar um fagbréf atvinnulífsins og jákvæða sálfræði og hvernig unnt sé að tengja hana inn í framhaldsfræðsluna, bæði fyrir þá sem miðla og þá sem nýta sér þjónustuna.

Unnið var í eftirfarandi tólf vinnustofum: Fjölbreyttar kennsluáferðir og nálganir í fullorðinsfræðslu.

- Áskoranir og tækifæri í markaðs- og kynningarmálum.
- Greining á fræðsluþörfum.
- Starfstengd íslenskukennsla.
- Þróun náms innan ramma Fræðslusjóðs.

- Samstarf við vinnustaði.
- Samstarf um virkniúrræði.
- Ráðgjöf (umbreyting).
- Nýir tímar, ný hæfni.
- Nám fatlaðs fólks.
- Gæðavitinn.
- Fjölmening og þjónusta við flóttamenn.

Fulltrúar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins kynntu hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi raunfærnimats. Einnig var mikið rætt um heildarendurskoðun á fullorðinsfræðslu í landinu sem stýrihópur sem nú er að störfum gerir tillögur um. Þess er vænst að þeirri vinnu ljúki með frumvarpi sem verði lagt fyrir Alþingi á árinu 2023.

Auk sameiginlegs fundar fulltrúa fræðslu- og símenntunarstöðva í landinu og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins funduðu forstöðumenn símenntunarmiðstöðvanna. Þá var haldinn aukaaðalfundur Kvasis þar sem kom m.a. fram að ákveðið hafi verið að breyta nafni samtakanna í SÍMENNT – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.



Á sameiginlegum haustfundi Kvasis – samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á Akureyri 27.-28. september 2022. Á myndinni eru frá vinstri: Dagný Sveinbjörnsdóttir, verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri í SÍMEY, Sif Jóhannesar Ástudóttir, verkefnastjóri í SÍMEY, og Barbara María Gunnlaugsson, verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Endurnýjuð viðurkenning til framhaldsfræðslu

Í september 2022 fékk SÍMEY endurnýjaða viðurkenningu framhaldsfræðsluaðila til næstu þriggja ára. Menntamálastofnun gefur út og staðfestir viðurkenninguna.

Allir fræðsluaðilar sem hafa framhaldsfræðslu á sinni könnu þurfa á þriggja ára fresti að sækja um endurnýjun á viðurkenningu yfirvalda menntamála á starfi sínu til að annast raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf og standa fyrir námskeiðahaldi. Allar menntastofnanir, þ.m.t. SÍMEY, þurfa að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um framhaldsfræðslu frá 2010 og 2011.

Í viðurkenningu Menntamálastofnunar er m.a. horft til kennslu og námskeiðahalds, skipulags náms og umsjónar með því, námskrár og námslýsinga, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefna, húsnæðis og aðstöðu, trygginga og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna.

Námskeið í tæknilæsi fyrir sextíu ára og eldri

Á vor- og haustönn 2022 bauð SÍMEY upp á námskeið í tæknilæsi fyrir sextíu ára og eldri. Í desember 2021 efndi félags- og vinnu- málaráðuneytið til útboðs um skipulagningu og umsjón með þessum námskeiðum í hverjum landsfjórðungi. Á Norðausturlandi var Þekkingarneti Þingeyinga falið að vera ábyrgðaraðili með verkefninu og gerði samning um hluta framkvæmdarinnar við SÍMEY. Þekkingarnetið var með námskeiðin í Þingeyjar- sýslunum en SÍMEY í Eyjafirði.

Námskeiðin voru þátttakendum að kostnaðar- lausu og voru liður í því að efla tæknilæsi fólks sextíu ára og eldra um allt land. Auk almennrar tölvunotkunar var kennd notkun snjalltækja (síma og spjaldtölva), fjallað um rafræn skilríki og notkun þeirra, rafræn samskipti (tölvupóstur og notkun annarra samskiptamiðla), netverslun, heimabanka o.fl.

Kennari á námskeiðunum var Snæbjörn Sigurðsson. Hvert námskeið var átta klukkustundir, kennt á tveimur vikum í fjórum tveggja klukkustunda lotum.

Hámarksfjöldi þátttakenda á hverju námskeiði var átta manns og var prýðileg aðsókn. Alls voru haldin 14 námskeið með 98 þátttakendum á Dalvík, Akureyri, Grenivík, Svalbarðsströnd, Siglufirði, í Eyjafjarðarsveit, Ólafsfirði og Hörgársveit.

Rafrænir skólar

SÍMEY hefur á síðustu tveimur árum tekið að sér verkefnastjórn við uppsetningu á tveimur rafrænum fyrirtækjaskólum. Fyrra verkefnið var unnið fyrir og með Sæplasti á Dalvík og það seinna með velferðarsviði Akureyrarbæjar.

Vinna við rafrænan skóla velferðarsviðs hófst síðla árs 2021 og hefur hann nú verið opnaður. Hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar starfa um þrjú hundruð manns og undir það heyra fjölmargir málaflokkar, t.d. þjónusta við börn og aldraða, málefni fatlaðra, félagsþjónusta o.fl.

Í hinum nýja veflæga skóla eru aðgengileg fimm veflæg námskeið – um þjónandi leiðsögn, valdeflingu, óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, heilabilun og fræðsla fyrir nýja starfsmenn Akureyrarbæjar.

Námsefnið er á ýmsu rafrænu formi og vann starfsfólk velferðarsviðs efnið í samstarfi við SÍMEY sem jafnframt aðstoðaði við vinnslu þess og uppsetningu og að gera skólann aðgengi- legan fyrir notendur.

Við þessa vinnu nýttist vel sú reynsla og þekking sem byggðist upp innan SÍMEY við gerð Sæplastskólans. Báðir eru fyrirtækja-skólarnir settir upp í Teachable, kerfislausn sem býður upp á uppsetningu skóla á netinu. Í aðdraganda að uppsetningu Sæplastskólans árið 2019 var unnin fræðslugreining og -áætlun. Árið 2020 var stofnaður stýrihópur hjá Sæplasti sem rýndi fræðsluþörfina og hvaða upplýsingar þyrftu að vera starfsmönnum aðgengilegar. Síðla árs 2020 og snemma árs 2021 var sett upp námsefni í hinum nýja veflæga skóla og hann var síðan gerður starfsmönnum aðgengilegur vorið 2021.


Þar með var punkturinn ekki settur yfir i-ið því námsefnið er í stöðugri endurskoðun, fræðsluefni úreldist og ný tækni kallar á nýjar upplýsingar. Rafrænir skólar taka því stöðugum breytingum og það á jafnt við um Sæplastskólann og hinn nýja rafræna skóla velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Samstarf símenntunarmiðstöðva og HSN

Á undanförunum árum hafa símenntunarmiðstöðvarnar á Norðurlandi, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Þekkingarnet Þingeyinga átt í góðu samstarfi um fræðslu og starfsþróun starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Stofnunin er með starfsemi frá Blönduósi í vestri til Þórshafnar í austri og starfsmenn eru í það heila um sex hundruð. Þetta fræðslusamstarf við HSN byggði á Markviss þarfagreiningu frá 2014-2015 og ofan á það var byggt árið 2021 með nýrri þarfagreiningu. Í kjölfarið var sett upp ný fræðsluáætlun fyrir starfsmenn HSN sem gildir til 2024. Á vorönn 2022 hófst fræðsla samkvæmt nýrri fræðsluáætlun með ýmsum námskeiðum í ýmist stað- eða rafrænni kennslu. Vinna við þá fræðsluáætlun sem nú er unnið eftir hófst með samningi um Fræðslustjóra að láni og styrktu starfsmenntasjóðirnar Ríkismennt, Starfsþróunarsjóður SLFÍ og Starfsþróunarsjóður bæjarstarfsmanna hjá ríkinu verkefnið auk Starfsþróunarseturs háskólamanna. SÍMEY leiddi verkefnið í samstarfi við Farskólann og Þekkingarnet Þingeyinga og unnu að því af hálfu SÍMEY verkefnastjórnir Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir.

Liður í þessari vinnu var að skipaður var stýrihópur þrettán starfsmanna HSN af öllu starfssvæðinu sem greindi markmið verkefnisins og kom með tillögur um hvernig mætti ná þeim

fram. Haldnir voru rafrænir fundir þar sem kom fram fjöldi gagnlegra athugasemda og ábendinga sem nýttust vel við framgang verkefnisins. Einnig voru skipaðir tveir rýnihópar til þess að meta nánar fræðsluþörf starfsfólks. Náin samvinna var jafnframt við mannauðsstjóra HSN við framkvæmd verkefnisins. Lagðar voru tvær kannanir fyrir starfsfólk HSN, annars vegar viðhorfskönnun og hins vegar starfagreining og út úr allri þessari vinnu varð til fræðsluáætlun til 2024, sem fyrr segir, og samkvæmt henni vinnur HSN í samvinnu við SÍMEY, Farskólann og Þekkingarnet Þingeyinga að því að þjálfa og fræða starfsmenn.



SÍMEY, Þekkingarnet Þingeyinga og Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra hafa á undanförunum árum átt í góðu samstarfi um fræðslu og starfsþróun starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Hér eru verkefnastjórnirnar í SÍMEY, Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir, á fjárfundi með Bryndisi Lilju Hallsdóttur, mannauðsstjóra HSN, og Halldóri Brynjari Gunnlaugssyni, verkefnastjóra hjá Farskóla Norðurlands vestra.

Þjónusta við innflytjendur

SÍMEY býður upp á fjölbætta þjónustu fyrir innflytjendur. Fyrst og fremst er um að ræða almenn íslenskunámskeið, ráðgjöf, aðstoð við atvinnuleit og hæfnimat í íslensku, en einnig námskeið þar sem fólk fær fjölbreytta fræðslu um íslenskt samfélag. Þörfin fyrir þessa þjónustu hefur verið mikil undanfarin ár en sérstaklega nú við fjölgun flóttafólks á landinu.

Á árinu 2022 bauð SÍMEY upp á námskeið í staðnámi á fjórum getustigum í íslensku sem öðru máli, þrep 1-4 eða A1-A2 samkvæmt evrópska tungumálarámmunum. SÍMEY jók framboð á veflægum íslenskunámskeiðum, sem þýðir að fólk var kennt í dreifnámi í gegnum netið. Þar var að auki boðið upp á nám á stigi 5 (B1/B2).

Auk íslenskunámskeiða í stað- og dreifnámi hefur SÍMEY boðið upp á námskeið í íslensku sem öðru máli ætlað erlendum mæðrum og gafst þeim

kostur á að taka börn sín með í kennslustundir. Þetta verkefni var styrkt af Zontaklúbbi Akureyrar sem hefur stutt ötullega við þennan hóp undanfarin ár.

Þá hefur SÍMEY aukið framboð í stað- og dreifnámi á íslenskunámskeiðum fyrir fólk sem hefur litla eða enga kunnáttu í ensku og var á árinu 2022 boðið upp á námskeið fyrir annars vegar arabísku- og hins vegar rússneskumælandi fólk. Þörfin fyrir slík námskeið hefur reynst vera mikil og er horft til þess að bjóða upp á námskeið á fleiri tungumálum. Gæfa SÍMEY er að hafa aðgang að framúrskarandi leiðbeinendum sem tala ólík tungumál.

Auk íslenskunámskeiða bauð SÍMEY upp á samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk og fólk af erlendum uppruna sem hefur búið hér til lengri tíma. Þessi námskeið, sem kallast Landneminn, voru kennd á arabísku og rússnesku, bæði í staðnámi og veflæg. Í Landnemanum er lögð áhersla á fræðslu um ýmislegt í íslensku samfélagi, t.d. heilbrigðiskerfið, menningu, fjármál, þjónustu ríkis og sveitarfélaga og fjölmargt annað.

Þróunarverkefni

Á árinu 2022 vann SÍMEY áfram í þróunarverkefnum í íslensku sem öðru máli.

Rétt er að rifja upp að árið 2021 lauk SÍMEY þróunarverkefni um veflægt hæfnimat í íslensku sem öðru máli en miðstöðin hafði árið 2020 hlotið styrk úr Þróunarsjóði fræðslusjóðs til þess að þýða veflægt hæfnimat yfir á íslensku. Hæfnimatið er ætlað fullorðnum til að meta stöðu sína í öðrum tungumálum en móðurmáli. Studieskolen í Kaupmannahöfn á hæfnimatið og þar var það aðgengilegt fyrir mörg tungumál.

Að þessu verkefni unnu verkefnastjórnir Kristín Björk Gunnarsdóttir og Sif Jóhannesar Ástudóttir. Hæfnimatið er veflægt og hefur verið aðgengilegt á heimasíðu SÍMEY frá því að þessu verkefni lauk og hefur reynst mjög vel.

SÍMEY fékk árið 2021 nýjan styrk úr Þróunarsjóði fræðslusjóðs til að kynna hæfnimatið fyrir öðrum símenntunarmiðstöðvum og þýða leiðbeiningar og sjálfsmat í prófinu yfir á pólsku. Leiðbeiningar og sjálfsmat var í boði á mörgum tungumálum, en pólska var ekki eitt af þeim. Á kynningarfundum með fulltrúum símenntunarmiðstöðva kom fram að mikilvægt væri að bæta pólsku við, til að bæta þjónustu við innflytjendur sem hafa pólsku að móðurmáli.

Haldnir voru tveir kynningarfundir á netinu og síðasti áfangi þessa þróunarverkefnis var vinnustofa í SÍMEY 20.-21. júní 2022 þar sem fulltrúar Studieskolen, símenntunarmiðstöðva um allt

land og Menntamálastofnunar ræddu evrópska tungumálarammann, hugmyndafræði hans og tengingu við kennslu íslensku sem annars máls. Studieskolen stýrði báðum fundunum og vinnustofunni. Þar kom fram sú skoðun að í íslenskukennslunni væri ástæða til að leggja aukna áherslu á að tungumálið nýttist nemendum betur í sínu daglega lífi og starfi. Nýtt þróunarverkefni með stuðningi Nordplus Þegar þróunarverkefnum sem styrkt voru af Þróunarsjóði fræðslusjóðs lauk tók nýtt verkefni við. SÍMEY sótti um og fékk Nordplus styrk vorið 2022 til eins árs til þess að halda áfram með að þróa uppbyggingarnámskeið, kennslu- aðferðir og námsefni í samhengi við evrópska tungumálarammann. Áfram er unnið með Studieskolen í Kaupmannahöfn en einnig vinna að þessu verkefni tvær aðrar símenntunarmiðstöðvar, Mímir-símenntun og Austurbrú. Áherslan í þessu verkefni er á endurmótun á fyrstu tveimur hlutum íslenskukennslunnar, A1 og A2, samkvæmt evrópska tungumálarammanum. Vinnan hófst með vinnustofu í Fnjóskadal í október 2022 þar sem verkefnastjórar og íslenskukennarar frá þessum þremur símenntunarmiðstöðvum og Studieskolen báru saman bækur sínar. Í þessu nýja þróunarverkefni er lögð áhersla á að meta stöðu og þarfir nemenda og bjóða upp á nám/námsefni sem nýttist þeim í daglegu lífi og starfi. Einnig er horft til þróunar rafræns kennsluefnis út frá hugmyndafræði evrópska tungumálarammans.



Í október 2022 var efnt til vinnustofu í Fnjóskadal um kennslu í íslensku sem öðru máli þar sem hittast verkefnastjórar og íslenskukennarar frá SÍMEY, Mími-símenntun, Austurbrú og Studieskolen í Kaupmannahöfn.

Strætóskólinn

Strætóskólinn er samstarfsverkefni SÍMEY, Vistorku og Orkuseturs og er hluti af stærra verkefni, Sjálfbærniskólanum, sem er þróunarverkefni styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Strætóskólinn er sérstakur að því leyti að hann er námsefni fyrir 5. bekk grunnskóla en verður aðlagður fullorðnum í tengslum við Sjálfbærniskólann.

Markmiðið með Strætóskólanum er að nemendur geri sér grein fyrir þeim samfélagslega og persónulega ávinningi sem þeir hafa af því að nota strætó, læri að lesa leiðakerfi, tímatöflur og að skipuleggja ferðir sínar. Stefna Strætóskólans er að allir sem útskrifist úr honum kunni að nota strætó.

Strætóskólinn var prufukeyrður með Naustaskóla á Akureyri vorið 2022 og grunnskólar Akureyrar hafa í vetur boðið upp á hann. Áformað er að koma Strætóskólanum á framfæri um allt land á næstu misserum.

Kennslumyndband Strætóskólans er aðgengilegt á myndbandavefnum Youtube og heitir þar Strætóskólinn. Geimstofan á Akureyri vann myndbandið, lesari er Árni Beinteinn Árnason.

LOFTUM – loftslags- og umhverfisverkefni

Í þjóðfélagsumræðunni fá loftslags- og umhverfismál æ meira vægi enda eitt af stærstu viðfangsefnum jarðarbúa á 21. öldinni. Þekkingarnet Þingeyinga og SÍMEY sóttu um styrk í Sóknaráætlun Norðurlands eystra til að greina fræðsluþarfir starfsfólks og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga á starfssvæðinu. Verkefnið gengur undir nafninu LOFTUM, sem vísar til loftslags- og umhverfismála, og var það valið sem áhersluverkefni innan SSNE – samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra. Af hálfu SÍMEY vinna að verkefninu Ingunn Helga Bjarnadóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir.

Á árinu 2022 styrkti Sóknaráætlun Norðurlands eystra LOFTUM verkefnið og í kjölfarið var því ýtt úr vör. Settur var á stofn stýrihópur skipaður fulltrúum sveitarfélaga í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum sem aðild eiga að SSNE og einnig komu að þessari vinnu hinir ýmsu sérfræðingar, t.d. frá Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun og Landvernd, auk fulltrúa SSNE. Stýrihópurinn vann drög að fræðslugreiningu sem var síðla árs

2022 send til starfsfólks sveitarfélaga í landshlutanum og kjörinna fulltrúa og könnuð fræðsluþörf í málaflokknum.

Segja má að fræðslugreiningin hafi verið tvíþætt, annars vegar almennt um loftslags- og umhverfismál og hins vegar varðandi ýmsa afmarkaða þætti í loftslags- og umhverfismálum, t.d. skipulagsmál, orkumál, veitur, loftgæði, frárennsli, sorpmál o.fl.

Áfram er unnið að þessu verkefni á árinu 2023 með nánari greiningu rýnihópa, sem einnig eru skipaðir starfsmönnum sveitarfélaga og kjörnum fulltrúum. Þeirri vinnu lýkur á vordögum 2023 og í kjölfarið mun fræðsluáætlunin líta dagsins ljós.

Um mánaðamótin febrúar-mars 2023 fékk verkefnið aukið fjármagn úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra til þess að bjóða upp á fræðslu í þessum málaflokki og er miðað við að á haustdögum 2023 muni sú vinna hefjast.

Tilfinningagreind og markþjálfun

Tilfinningagreind og markþjálfun voru meginstef námskeiðs sem þrjú verkefnastjórar hjá SÍMEY, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Sandra Sif Ragnarsdóttir og Ingunn Helga Bjarnadóttir, sóttu á Puerto de la Cruz á Tenerife dagana 5.-12. mars 2022. Auk þeirra sóttu námskeiðið þrjú fulltrúar Akureyrarbæjar og aðrir tíu þátttakendur frá Spáni, Litháen, Belgíu, Tékklandi og Ungverjalandi. Námskeiðið, sem bar yfirskriftina Emotional intelligence and coaching skills for teachers, school and adult education staff, var fjármagnað af Erasmus+ styrkjaáætlun ESB. Skipulag og framkvæmd var í höndum fyrirtækisins ELA – Erasmus Learning Academy, sem er með höfuðstöðvar sínar í Bologna á Ítalíu. Leiðbeinandi á námskeiðinu var eigandi ELA, Francesco Tarantino. Á námskeiðinu skoðuðu þátttakendur tilfinningagreind fólks frá ýmsum hliðum og með ákveðnum verkfærum. Hún tekur m.a. til sjálfsvitundar, sjálfsstjórnar, samkenndar og félagsfærni. Allt eru þetta hugtök sem eru lífið sjálf og hvernig hver og ein manneskja tekst á við hversdaginn. Meðal annars er horft til þess að hver einstaklingur þekki eigin tilfinningar og annarra, rétt eins og kennarar fást við dag hvern í kennslu.

Aðstæður í kennslu geta verið allskonar, stundum þarf hvatningu, stundum þarf að ýta undir samskipti og stundum upplifa kennarar sinnuleysi. Allt eru þetta tilfinningar sem

kennarar og nemendur þurfa að vinna með. Jafnframt var á námskeiðinu kynnt hvernig hægt er að nýta aðferðir markþjálfunar til þess að hvetja nemendur til að taka ábyrgð á námi sínu.

Námskeiðið á Tenerife var mjög vel heppnað og lærdómsríkt og verkefnastjórnarnir þrír frá SÍMEY lýstu mikilli ánægju með fyrirkomulagið og kennsluna, námskeiðið hafi veitt nýja sýn á tilfinningagreind og hvernig megi vinna með hana í kennslu og lífinu sjálfu ásamt því hvernig aðferðir markþjálfunar nýtist í samskiptum við nemendur.



Í mars 2022 sóttu verkefnastjórnarnir Kristín Björk Gunnarsdóttir, Sandra Sif Ragnarsdóttir og Ingunn Helga Bjarnadóttir námskeið á Tenerife þar sem áherslan var á tilfinningagreind og hvernig megi vinna með hana í kennslu og lífinu sjálfu. Einnig var rætt um hvernig aðferðir markþjálfunar nýtist í samskiptum við nemendur. Hér eru Kristín, Ingunn og Sandra með brautskráningarskírteini sín.

Samstarf við Farskólann á Norðurlandi vestra

Á árinu 2022 var aukið samstarf á ýmsum sviðum milli Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.

Í þessari ársskýrslu er getið um samstarf miðstöðvanna um veflæg námskeið sem hófst í heimsfaraldrinum en það tekur einnig til brúarnáms og á árinu 2022 var formlegt samstarf miðstöðvanna um raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

SÍMEY lagði Farskólannum lið með raunfærnimat fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja en á því sviði hefur SÍMEY fengið góða reynslu eftir að hafa unnið að raunfærnimati 27 starfsmanna íþróttamannvirkja í Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit og á Akureyri. Þá hélt SÍMEY utan um raunfærnimat í fisktækni hjá sjávarútvegsfyrirtækinu FISK á Sauðárkróki og því luku sjö starfsmenn fyrirtækisins.

Til viðbótar höfðu miðstöðvarnar samstarf á þann veg að SÍMEY hljóp undir bagga með viðtöl í náms- og starfsráðgjöf ef á þurfti að halda.

4. Fræðslustarfið í máli og myndum


Námskeið á árinu

Alls voru haldin 173 námskeið á Akureyri og í Eyjafirði á árinu 2022 og fækkaði um 48 frá fyrra ári. Helstu ástæður þessarar fækkunar voru minni umsvif í fræðslustarfi í atvinnulífinu og færri stök námskeið. Þessi samdráttur kom að stærstum hluta fram á vorönn 2022.

SÍMEY flokkar námskeið sín í fimm flokka:

- Námsleiðir FA, sem eins og nafnið gefur til kynna eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Fjölmennt, sem eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- Stök námskeið, sem er ætlað að efla einstaklinga í starfi og leik. Mörg þeirra voru unnin í samstarfi við stéttarfélag og starfsmenntasjóði. Einnig var boðið upp á námskeið fyrir stjórnendur.
- Íslenska fyrir útlendinga.
- Fyrirtækjaskólar.

Fjöldi námskeiða síðustu ára




Þátttakendur

Alls sóttu 2521 (3365 árið 2021) einstaklingar nám og námskeið á vegum SÍMEY á árinu. Að auki nýttu um 1000 manns sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, próftöku og aðra þjónustu. Ljóst er

að staðan í samfélaginu tvö síðustu ár hefur haft mikil áhrif á þátttöku fólks í námi og símenntun. Rafræn miðlun hefur stóraukist en staðbundnum námskeiðum fækkað.

Segja má að viðskiptamannahópur SÍMEY sé um 3500 manns á ári.

Fjöldi þátttakenda síðustu ára



Nemendastundir

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Fjöldi nemendastunda fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra klukkustunda á sama námskeiði. Nemendastundum fækkaði um sem næst þrjú þúsund og voru þær tæplega 49.000 á árinu 2022.


Fjármagn í framhaldsfræðslukerfið hefur ekki aukist hin síðari ár en SÍMEY hefur getað flutt fjármagn milli málaflokka og aukið við vottað nám milli ára. Þrátt fyrir það fækkar nemendastundum. Ein skýring á því gæti verið að hlutfallslega sé styttra nám að sækja í sig veðrið. Umfang vottaðs náms er þó nokkuð samþætt milli ára.

Eins og áður hallar verulega á karlana með fjölda nemendastunda en engu að síður eru karlarnir með um 30% nemendastunda á móti 70% hjá konunum, sem er nokkuð í samræmi við kynjahlutfallið.

Á árinu 2022 voru konur sjö af hverjum tíu sem nýttu sér þjónustu SÍMEY og hefur þessi kynjaskipting haldist nokkuð stöðug milli ára. Vert er að horfa til þessarar kynjaskiptingar þegar nám og verkefni eru skipulögð, til hvaða hópa SÍMEY vill ná og hvernig þær áherslur endurspeglast í námi og námskeiðahaldi.

Ein skýring á umtalsvert hærra hlutfalli kvenna gæti verið að mikill meirihluti starfsmanna í félags- og heilbrigðisgeiranum eru konur.

Kynjahlutfall notenda þjónustu SÍMEY 2022




Íslenska sem annað mál


Mikill vöxtur hefur verið í kennslu íslensku sem annars máls. Bæði hefur verið um að ræða hefðbundin námskeið sem SÍMEY hefur lengi kennt fyrir fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli og einnig hefur verið boðið upp á námskeið í Íslenskuþjálfaranum – veflögum íslenskunámskeiðum í samstarfi við Ásgarð. Markhópurinn hefur verið mjög virkur og áhugasamur um að efla færni sína.

Fjárveitingar hafa sem betur fer aukist á liðnum misserum. SÍMEY gæti árlega nýtt hið minnsta tvöfalda þá fjárveitingu sem hefur fengist hin síðari ár til íslenskukennslu. Með þróun hæfnimats fyrir íslenskukennsluna hefur SÍMEY stigið mikilvægt framfaraskref sem nýtist öllum símenntunarmiðstöðvum vel. Framtíðarskipulag málaflokksins skortir af hálfu ríkisvaldsins, sem tekur m.a til kennslufræðilegrar uppbyggingar, fjölgunar námskeiða og aukinna fjárveitinga.

Íslenska sem annað mál síðustu ára



Kynjahlutfall í Íslensku sem annað mál árið 2022





Svarfaðardalur á fallegum sumardeg.


Listsköpun í SÍMEY

Myndlistarsmiðjur í SÍMEY hafa í gegnum tíðina verið mjög vel sóttar og árið 2022 var þar engin undan-tekning. Hér gefur að líta nokkur sýnishorn myndsköpunar nemenda á myndlistarnámskeiði sem Guðmundur Ármann, myndlistarmaður og kennari, var með í SÍMEY á vorönn 2022.

Guðmundur og Bryndís Arnardóttir – Billa hafa annast myndlistarkennsluna í SÍMEY undanfarin ár.

Árið 2013 hóf Billa að bjóða upp á myndlistarnámskeið fyrir 20 ára og eldri í SÍMEY og skrifaði hún tvær námskrár sem voru samþykktar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Billa lést 1. ágúst 2022. Allt hennar mikla starf í SÍMEY og í þágu nemenda og framhaldsfræðslunnar í landinu verður seint fullpakkað.





5. Samantekt

Áhersla ársins 2022 var að halda áfram því starfi sem er að bera góðan ávöxt, m.a. í þróunarstarfi og rafrænni miðlun náms á öllum sviðum. Mikill vöxtur hefur verið í ýmsum verkefnum er lúta að fjölmenningu, bæði í þjónustu af ýmsum toga við innflytjendur og á íslenskunámskeiðum.

Það er alveg ljóst að áhrifa kórónuveirufaraldursins gætti fram eftir vorönn 2022 en þegar liðið hefur á árið hefur miðstöðin náð meiri samfelli og upptakti í starfinu.

Á tíma mikilla og hraðra samfélagsbreytinga er afar mikilvægt að framhaldsfræðslan hafi getu og stuðning til að mæta þeim. Í því ljósi er horft með von og jákvæðni til þeirrar endurskoðunar sem nú er unnið að í framhaldsfræðslukerfinu. Vonandi skilar þessi vinna frumvarpi að nýrri lagasetningu haustið 2023 um málaflokkinn.

Innan framhaldsfræðslunnar og símenntunarmiðstöðvanna er mikil reynsla og þekking til að mæta þeim hröðu samfélagsbreytingum sem eru löngu hafnar. Mikilvægt er að fanga þá krafta sem búa í þessu kerfi og taka raunverulega ákvörðun um að Ísland ætli sér að vera í fremstu röð með slíkt kerfi sem hefur jafnræði til náms og hæfniuppbyggingar að leiðarljósi.



Brautskráningarnemar á vorbrautskráningu SÍMEY 8. júní 2022.





Grímsey á fallegum sumardegjum.

